

Breyting á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 - 2027

Breytt lega Norðfjarðarvegur við Kirkjubólsvæg



FJARÐABYGGÐ

GREINARGERÐ

Forsendur

Við mat á umhverfisáhrifum Norðfjarðarganga voru metnir fimm kostir fyrir veglínur nýs Norðfjarðarvegur, frá gangamunna Norðfjarðarmegin. Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum leiddu í ljós að allar veglínur væru ásættanlegar þó þær yllu talsverðum umhverfisáhrifum. Leið B var valin í samráði við sveitarfélagið Fjarðabyggð, þar sem hún þótti hagkvæmust af vegtæknilegum ástæðum. Nú hefur hins vegar komið í ljós að sumir landeigendur munu ekki heimila vegagerð í sínu landi og því nauðsynlegt að velja aðra veglína. Af þeim sökum er hefur veglína 1C orðið fyrir valinu. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007 - 2027 gerir ráð fyrir veglínunni 1B og eru breytingar á aðalskipulaginu því nauðsynlegar.


Tillagan

Tillagan gerir ráð fyrir breyttri veglínunni frá Kirkjubólsvegi að Norðfjarðargöngum í Norðfirði á um 2,3 km kafla við Kirkjubólseyrar. Samkvæmt tillögunni er nú gert ráð fyrir að Norðfjarðarvegur frá Kirkjubólsvegi fari norður fyrir hestaiþróttasvæði við Kirkjubólseyrar og fylgi núverandi Kirkjubólsvegi inn fyrir tún á Kirkjubóli og þveri Norðfjarðará á mótis við Hálshús og liggja þaðan að fyrri veglínunni sunnan Norðfjarðarár. Göng fyrir hestamenn og annað útivistarfólk verða lögð undir Norðfjarðarveg ofan við skeiðvöll, nákvæm staðsetning undirganga verður ákvörðuð í veghönnunarferlinu. Engin breyting verður á efnistöku frá því sem áður var gert ráð fyrir vegna framkvæmda við Norðfjarðarveg.

Mat á umhverfisáhrifum


Veglagningin er matskyld framkvæmd og fellur því breytingartillagan undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana nr. 105/2006. Í álitni Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Norðfjarðarvegur, dags. 24. apríl 2009 felst stofnunin á rök Vegagerðarinnar um val á veglínunni en gerir annars ekki upp á milli veglínukostanna Umhverfismatið felst í því að bera saman útkomu beggja veglína í matsskýrslu Vegagerðarinnar frá mars 2009, Norðfjarðarvegur (92) um Norðfjarðargöng.

Í meðfylgjandi umhverfisskýrslu er umhverfismatinu lýst en helstu niðurstöður er eftirfarandi:



Staðfest aðalskipulag
Staðfest 24. ágúst 2009

Mkv. 1:50.000



Tillaga að breytingu
Dags. 9. febrúar 2010

Mkv. 1:50.000

	Þéttbýli		Hverfisvernd
	Frístundabyggð		Efnistökusvæði
	Landbúnaðarsvæði		Aðalvegir
	Opið svæði til sérstakra nota		Aðrir vegir
	Óbyggð svæði		Raflínur - loftlínur
	Náttúruvernd - svæði á náttúruinjaskrá		Vatnsveita
	Birkiskógur/kjarr		
	Vötn, ár og sjór		



Svæðið sem breytingin nær yfir

Breyting á leiðarvali mun ekki breyta því að nýr Norðfjarðarvegur mun hafa verulega jákvæð áhrif á samfélagið.

Lítilsháttar breytingar eru á nokkrum umhverfisþáttum. Ný veglína mun hafa með sér talsverð neikvæð áhrif á hestamennsku og útivist. Munar þar mestu nálægð vegarins við hesthúsasvæðið. Eins mun ný veglína hafa í för með sér talsverð neikvæð áhrif á hávaða og mengun á framkvæmdatímanum. Ný veglína hefur hins vegar ekki eins neikvæð áhrif á gróðurfar og beitiland. Eins gefur ný veglína færi á að nýta aftur varavatsból Norðfirðinga sé áhugi á því síðar meir.

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að breytt veglína muni hafa óveruleg umhverfisáhrif frá því sem þegar er ætlað með nýjan Norðfjarðarveg. Með auknum mótvegisaðgerðum og vöktun verða umhverfisáhrifin ásættanleg, sbr. eftirfarandi kafla þar um. Til viðbótar við þær mótvegisaðgerðir sem áður hafa verið ákveðnar verða gerð undirgöng fyrir hestafólk og annað útivistarfólk á mótis við núverandi skeiðvöll.

Greinagerð skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Í umhverfisskýrslu sem kynnt var með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 - 2027, breytt lega Norðfjarðarvegur við Kirkjubólsvæg eru umhverfisáhrif áætlunarinnar metin. Áhrifin á samfélagið eru talin verulega jákvæð og að breytt veglína muni hafa óveruleg umhverfisáhrif. Þær athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma hafa ekki gefið tilefni til að endurskoða skipulagstillöguna.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 28. júlí 2010

Hilga Jónsdóttir
Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann 30. ágúst 2010

Guðmúndur Gunnarsson *Þórunn Þ. Árnadóttir*
Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. þann 4. október 2010 8.4.1.

Magnús Jónsson *Jóns Þingmundsd.*

5. júlí 2010
Umsjón: Alta ehf.
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Hnitakerfi: Lambert
Hnattstaða: ÍSNET 93
Sýndar eru 20 m hæðarlínur.

alta
Alta ehf
Ármúla 32
108 Reykjavík
alta@alta.is
www.alta.is